

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2001

frá 23. febrúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2001 frá 31. janúar 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/245/EB frá 2. febrúar 2000 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 4. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar flotgler, skúffugler og glersteinvörur⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/273/EB frá 27. mars 2000 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar sjö vörur sem veita á evrópskt tæknisamþykki án viðmiðunarreglna⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE) í XXI. kafla í II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 D 0245:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/245/EB frá 2. febrúar 2000 (Stjtíð. EB L 77, 28.3.2000, bls. 13),
- **32000 D 0273:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/273/EB frá 27. mars 2000 (Stjtíð. EB L 86, 7.4.2000, bls. 15).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 66, 8.3.2001, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 77, 28.3.2000, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 86, 7.4.2000, bls. 15.

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2000/245/EB og 2000/273/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.